Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, Arngrímsgötu 5, þriðjudaginn 5. nóvember 2024 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Luciano Dutra og Anna Sigríður Þráinsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Fundur fullskipaðrar málnefndar

Rætt var um efni fyrirhugaðs fundar fullskipaðrar málnefndar 6. nóvember en þar verður fjallað um þau áform sem stjórnvöld hafa birt í Samráðsgátt um breytingu á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls og fleiri lögum.

2. Önnur mál

a. Haldið var upp á 60 ára afmæli Íslenskrar málnefndar með málþingi 17. október. Núverandi formaður, Ármann, rakti breytingar á starfi nefndarinnar frá því að hún var stofnuð 1964. Fyrrverandi formenn, Guðrún Kvaran og Kristján Árnason, fluttu hugleiðingar og Lilja Dögg Alfreðsdóttir ráðherra ávarpaði þingið sem var vel sótt og þótti takast vel.
b. Málfregnir, vefrit Íslenskrar málnefndar, munu koma út á degi íslenskar tungu, 16. nóvember. Þar verða m.a. birt erindi af afmælismálþinginu.
c. Sjá fg. ÍM 2/2024, lið 2d. Jóhannes B. Sigtryggsson greindi frá breytingum hjá Isavia þar sem íslenska hefur nú loks verið sett í forgang.

Fleira gerðist ekki. Fundið var slitið kl. 17.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.